



Borgarráð

***Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um tímabundin stuðning
félagsmálaráðuneytisins vegna COVID-19***

Á fundi borgarráðs þann 16. apríl 2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Árum saman hefur ákveðinn hópur verið heimilislaus, barnafjölskyldur, öryrkjar og eldri borgarar sem ekki hefur verið hægt að útskrifa af sjúkrastofnunum vegna húsnæðisleysis. Fjöldmörg dæmi eru um að fólk með geðraskanir hafi nánast verið á götunni, gistandi hér og þar og fengið að halla höfði hjá vinum og ættingjum nótt og nótt. Af hverju hefur þessu fólki ekki verið útvegað þak yfir höfuðið í öll þessi ár? Nú ætlar Reykjavíkurborg að taka það hlutverk að sér að setja upp sérstaka neyðarmóttöku sem byggir á því að allir þeir sem eru í húsnæðisvanda geta leitað beint þangað og þeim verði skaffað húsnæði til næstu mánaða. Borgarfulltrúa Flokks fólksins finnst vont til þess að vita að farald þurfti til, til að borgarmeirihlutinn ætti samtalið við félagsmálaráðherra um að koma öllum undir þak. Á öllum tímum hefði borgarstjóri getað haft frumkvæði að því að gera samkomulag við ríkið um lausn sem þessa en gerði ekki. Flokkur fólksins óskar svars við spurningunni, af hverju var ekki gripið til þessa ráðs fyrir löngu á sama tíma og andvara- og sinnuleysi borgaryfirvalda gagnvart heimilislausum og fátæku fólki er gagnrýnt þegar kemur að húsnæðismálum. Ljóst er að vel hefði verið hægt að hjálpa öllum heimilislausum á landsvísu óháð lögheimili hefði áhugi verið fyrir hendi.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags.

Svar við fyrirspurn:

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins lýtur einkum að húsnæðisvanda heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir. Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir 2019 -2025 var samþykkt á fundi borgarráðs þann 11. október 2019 en áður var í gildi stefna og aðgerðaáætlun í málefnum utangarðsfólks 2014-2018.


Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuparfir eru einstaklingar sem glíma við margþættan vanda (vímuefna- og/eða geðrænan, þroskafrávik og/eða mikil áföll í lífinu) og búa við

óstöðugleika í búsetu til lengri eða skemmri tíma og þarfnast margháttaðs stuðnings. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2020-2024 er gert ráð fyrir að kostnaður vegna búsetuúrræða fyrir heimilislausa með miklar og flóknar þjónustubarfir og fólk með áfengis- og vímuefnavanda nemi árlega um 1.203 mkr., sbr. tafla nr. 1. Að óbreyttu verður heildarkostnaður við búsetuúrræðin næstu fimm árin því um 6.013 m.kr.

Tafla nr. 1. Útgjöld Reykjavíkurborgar vegna málefna heimilislausa.

Úrræði fyrir heimilislausa	Áætlun 2020*
Einstaklingar í virkri neyslu	
Gistiskýlið Lindargötu	171.831.014
Neyðarskýlið Grandagarði*	156.894.384
Hringbraut	43.452.003
Njálsgata	71.891.986
Vettvangs og ráðgjafarteymi	137.131.653
Konukot	70.935.959
	<u>652.136.999</u>
Einstaklingar sem hafa hætt neyslu	
urræði fyrir heimilislausa - Miklubraut	24.275.712
Brautin - Snorrabraut	25.975.152
Áfrangaheimili - styrkir	10.853.007
SÁÁ - Vin	27.538.794
SÁÁ samningur	19.000.000
	<u>107.642.665</u>
Málaflokkur fatlaðs fólks	
Íbúðakjarni Hringbraut	228.797.568
Sambýli Miklubraut	214.055.742
	<u>442.853.310</u>
Samtals	1.202.632.974

Mynd nr. 1. Heimilislaust fólk – þróun kostnaðar 2010-2020.



Reykjavík hefur þjónustað langstærsta hluta heimilislausra með fjölþættan vanda hér á landi og starfrækir þrjú neyðarskýli. Vegna Covid tókst ekki að tryggja viðunandi fjarlægðarmörk í neyðarskýli fyrir konur. Til þess að bregðast við því og þeim aukna þunga í þjónustu borgarinnar var gert samkomulag á milli félagsmálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar um að fjölga plássum í neyðarskýlum og þá meðal annars horft sérstaklega til kvenna.

Samstarfið við ríkið þýðir að borgin hefur haft svigrúm til að taka við auknum fjölda kvenna í sérstöku húsnæðisúrræði, sem hefur verið nefnt Brim og þar geta allt að 11 konur fengið þjónustu. Fjármagn er til fyrir rekstrinum fram í nóvember næstkomandi.

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða þar sem deild málaflokks heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir (HMFÞ) er staðsett fer með ábyrgð á úrræðinu. Haft var samband við þau félagasamtök og stofnanir sem þjónusta þennan hóp kvenna og óskað eftir þátttöku í bakhjarlahóp sem gæti boðið upp á faglega ráðgjöf til kvennanna á staðnum. Bakhjarlahópin skipuðu framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, flokkstjóri vettvangsstarfs kvenna hjá VoR teyminu, fyrrum verkefnastýra Frú Ragnheiðar, forstöðukona Bjarkahlíðar, talskona Rótarinnar, verkefnastjóri neyðarmóttöku kynferðisofbeldis og sérfræðingur í málaflokki einstaklinga með geðfötlun sem er einnig verkefnastjóri á geðsviði Landspítala. Auk þess var deildarstjóri málaflokksins faglegur leiðtogi starfsins.

Húsnæðisaðstæður í neyðarathvarfinu eru þær að hver kona hefur til umráða herbergi með salernis,- og sturtuadstöðu. Þá er sameiginlegur matsalur þar sem þær geta sótt sér mat. Í samtali við konur sem dvalið í neyðarathvarfinu hefur komið fram mikil ánægja varðandi húsnæðisaðstöðuna. Komið hefur fram að þær finni fyrir minna áreiti og öryggistilfinning þeirra aukist. Þegar koma upp aðstæður sem eru þeim krefjandi í sambandi við aðra gesti hafa þær sitt

herbergi til umráða sem þær geta leitað til og fengið viðeigandi næði.

Alls 17 konur hafa nýtt aðstöðuna í neyðarathvarfinu frá því það var opnað síðastliðið vor. Af þeim hafa 6 farið áfram í sjálfstæða búsetu, áfangheimili eða annað. Verið er að vinna að áframhaldandi stuðningi og húsnæðisúrræðum fyrir þær 9 konur sem eru enn staðsettar í athvarfinu.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari